

Til skólastjóra í grunnskólum

### Ritgerðasamkeppnin Kæri Jón – samkeppnisreglur

1. Hinn 17. júní 2011 verða liðin 200 ár frá fæðingu Jóns Sigurðssonar forseta. Afmælisnefndin stendur fyrir ritgerðasamkeppni nemenda í 8. bekk grunnskóla í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samkeppnin fer fram í febrúar n.k.
2. Ritgerðirnar verða í formi sendibréfs til Jóns Sigurðssonar en það var einn helsti samskiptamáti 19. aldar. Varðveist hafa rúmlega 6000 sendibréf til Jóns Sigurðssonar og hann mun ekki hafa skrifað færri bréf sjálfur. Sendibréfið tengist því honum og hans mikla lífsverki.
3. Fróðlegt er að bera saman þau „bréf“ sem æskan skrifar í dag, tölvubréf og símskeyti sem berast strax til viðtakanda, og þau sendibréf sem Jón Sigurðsson skrifaði með pennastöng á pappírsörk. Með því að láta nemendur skrifa Jóni stutt sendibréf og segja frá því hvað þau hafa fyrir stafni læra þau að orða hugsun sína, stíla sendibréf og setja sig inn í aðferðir liðins tíma.
4. Þegar nemendur hafa skilað ritgerð til kennara er æskilegt að hver skóli fara yfir ritgerðir nemenda og velja 3- 5 bestu og athyglisverðustu ritgerðirnar úr sínum skóla.
5. Hver skóli sendir síðan þær ritgerðir til afmælisnefndar fyrir lok febrúarmánaðar. Sendingin skal stíluð á Sigrúnu Ólafsdóttur, forsætisráðuneytinu, Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg, 150 Reykjavík.
6. Dómnefnd verður skipuð þremur fulltrúum frá Samtökum móðurmálskennara og tveimur frá afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar.
7. Dómnefnd mun fara yfir ritgerðirnar og velja 100 ritgerðir sem hljóta viðurkenningu fyrir þátttöku. Með þessum fjölda er nokkuð tryggt að börn í öllum landshlutum hljóti viðurkenningu. Viðurkenningarskjalinu fylgir eftirgerð af sendibréfi frá Jóni Sigurðssyni. Viðurkenningar verða sendar skólunum sem afhenda þær nemendum.
8. Loks velur dómnefndin tíu ritgerðir sem þykja skara fram úr á einhvern hátt. Höfundar þeirra hljóta bókaverðlaun. Tilkynnt verður opinberlega um verðlaunin og þau afhent við sérstaka athöfn í Þjóðmenningarhúsinu laugardaginn 19. mars 2011 eða send til þeirra sem ekki komast á staðinn.
9. Allar niðurstöður samkeppninnar og verðlaunarritgerðirnar tíu verða svo birtar á vefnum [www.jonsigurdsson.is](http://www.jonsigurdsson.is) og á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
10. Þessar reglur verða birtar á vefnum [www.jonsigurdsson.is](http://www.jonsigurdsson.is) og á heimasíðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)
11. Margvíslegur fróðleikur um Jón Sigurðsson er á vefnum [www.jonsigurdsson.is](http://www.jonsigurdsson.is) sem gæti nýst nemendum og kennurum. Enn fremur er efni á vef Námsgagnastofnunar.
12. Tengiliðir við verkefnið verða Erna Árnadóttir, [erna.arnadottir@mrn.is](mailto:erna.arnadottir@mrn.is) og Sigrún Ólafsdóttir, [sigrun.olafsdottir@for.stjr.is](mailto:sigrun.olafsdottir@for.stjr.is)